



33. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Miðvikudaginn 5. september 2007, kl. 16:15.

Varaformaður bæjarráðs, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð og tók sæti í bæjarráði í fjarveru formanns. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Málefni Ámundakinnar, Jóhannes Torfason mætir til fundarins.
2. Byggðakvóti *
3. Tilboð í frágang lóðar við Leikskólann Barnabæ.
4. Bréf Skipulagsstofnunar til Leiðar ehf. vegna vega við Svínavatn.
5. Bréf og kynningarefni fjarskiptasjóðs til sveitarfélaga.
6. Fundargerð stjórnar SSSNV frá 23. ágúst síðastliðnum.
7. Heimsókn félagsmála og trygginganefndar til Norðurlands vestra.
8. Tilkynning um hækkun vaxta hjá Lánasjóði sveitarfélaga.
9. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands – Ágóðahlutagreiðsla 2007.
10. Skíðasvæði Skagfirðinga – umsógn Hvatár.
11. Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.
12. Erindi frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra.
13. Erindi frá Ingiríði Ástu Þórisdóttur og Njáli Runólfssyni.
14. Erindi frá Þórdísi Erlu Björnsdóttur.
15. Erindi Sveins M. Sveinssonar og Atla Arasonar vegna gömlu kirkjunnar.
16. Erindi frá Guðmundi Eypórssyni varðandi beitarhólf.
17. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Málefni Ámundakinnar, Jóhannes Torfason mætir til fundarins.

Mættur er Jóhannes Torfason, framkvæmdastjóri Ámundakinnar ehf. Kynnti hann fundarmönnum tilboð Ámundakinnar ehf. um að hlutur Blönduóssbæjar og annarra heimamanna í Húnakaupum yrði lagður inni Ámundakinn.

Bæjarráð vísar erindinu til afgreiðslu í bæjarstjórn nk. þriðjudag 11. september.

Jóhannes kynnti fundamönnum jafnframt það helsta sem er á döfinni hjá Ámundakinn.

2. Byggðakvóti.

Fram lagt erindi Skarfakletts ehf. sem sent var bæjarstjóra í tölvupósti dags. 31. ágúst sl. þar sem fram kemur að fyrirtækið telur sig hafa uppfyllt þau skilyrði sem þarf til úthlutunar byggðakvótans. Jafnframt kemur fram að Arney HU36-2102 (nú Arney HU136) sem Fiskistofa hefur gefið vilyrði til úthlutunar kvótans hefur verið seld og er ósk um að vilyrði fyrir byggðakvóta verði flutt yfir á Arneyju HU36-219.

Bæjarráð samþykkir að vilyrði fyrir byggðakvóta fiskveiðiárið 2006/2007 sem Fiskistofa hefur úthlutað á Arneyju HU36-2102 verði flutt á Arneyju HU36-219.

Ljóst er að vegna sérstakra aðstæðna í landvinnslu í bæjarfélaginu á fiskveiðiarinu hafa mál tafist en þar sem fiskveiðiárið hefur verið framlengt til áramóta ítrekar bæjarráð að öllum ákvæðum verði fullnægt fyrir þann tíma.

Sbr. fundargerð bæjarráðs frá 30. maí sl. liður 9 leggja bæjaryfirvöld þunga áherslu á að vinnsla aflans fari fram í sveitarfélaginu sbr. ákvæði reglugerðar 439/2007.

3. Tilboð í frágang lóðar við Leikskólann Barnabæ.

Tilboð voru opnuð 30. ágúst sl. og voru eftirfarandi:

- Trésmiðjan Stígandi og Ágúst Þór Bragason:	kr. 6.292.040,-
- Krákur ehf.:	kr. 3.576.650,-
Kostnaðaráætlun hljóðar uppá:	kr. 5.277.143,-



Bæjarráð felur tæknideild að ganga til samninga við lægstbjóðanda á grundvelli fyrirliggjandi tilboðs. Kári Kárasón situr hjá við afgreiðslu málsins.

4. **Bréf Skipulagsstofnunnar til Leiðar ehf. vegna vega við Svínavatn.**
Bréfið er dags. 29. ágúst sl. og er lagt fram til kynningar. Í bréfinu kemur fram að Skipulagsstofnun fellst ekki á tillögu Leiðar ehf. að matsáætlun.
5. **Bréf og kynningarefni fjarskiptasjóðs til sveitarfélaga.**
Upplýsingaritið er lagt fram til kynningar.
6. **Fundargerð stjórnar SSNV frá 23. ágúst síðastliðnum.**
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
7. **Heimsókn félagsmála og trygginganefndar til Norðurlands vestra.**
Heimsóknin er í dag, 5. september. Lagt fram til kynningar.
8. **Tilkynning um hækkun vaxta hjá Lánasjóði sveitarfélaga.**
Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að hækka vexti af lánum sem fjármögnuð eru með eigin fé úr 4,95% í 5,95% frá og með 1. sept. sl. m.t.t. þróunar á vaxtamarkaði.
9. **Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands – Ágóðahlutagreiðsla 2007.**
Skv. hlutdeild sveitarfélagsins 1,009% er ágóðahlutur Blönduóssbæjar 4.540.500,-.
10. **Skíðasvæði Skagfirðinga – umsögn Hvatar.**
Erindið er í framhaldi af ósk bæjarráðs um umsögn umf. Hvatar vegna erindis Tindastóls um að bæjarfélagið leggi til fjáframlög til reksturs skíðasvæðisins. Bæjarráð þakkar Hvöt umsögnina en þar kemur fram að mikilvægt sé að hefja markaðssetningu og auðvelda íbúum aðgengi að skíðasvæðinu.

Hvað varðar afgreiðslu erindis Tindastóls er því vísað til umræðu og endanlegrar afgreiðslu í bæjarstjórn nk. þriðjudag, 11. sept. nk.
11. **Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.**
Fyrirliggjandi erindi er samþykkt.
12. **Erindi frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra.**
Sótt er um þátttökubeiðni vegna sumardvalar barna í Reykjadal, Mosfellsbæ. Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi beiðni um kr. 56.000,-.
13. **Erindi frá Ingiríði Ástu Þórisdóttur og Njáli Runólfssyni.**
Beiðni er um endurskoðun á afgreiðslu bæjarráðs frá 13. ágúst sl. er varðar þátttöku á kostnaði vegna aksturs í skammtíamavistun.
Bæjarráð tekur undir það að sveitarfélögum ber að greiða ferðapjónustu fatlaðra skv. lögum enda hefur sveitarfélagið uppfyllt þau ákvæði þegar sótt hefur verið um þjónustuna. Bæjarráð ítrekar fyrri afgreiðslu um málið.
14. **Erindi frá Þórdísi Erlu Björnsdóttur.**
Bréfritari óskar eftir að fá leigt hluta húsnæðis Félagsheimilisins, svokallaða húsvardaríbúð, undir atvinnustarfsemi. Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og beinir því til umsagnar stjórnar Félagsheimilisins.
15. **Erindi Sveins M. Sveinssonar og Atla Arasonar vegna gömlu kirkjunnar.**
Bréfritarar hafa hug á að fara í endurbætur á gömlu kirkjunni og hefur sóknarnefnd afhent kirkjuna með skilyrðum um að húsið verði komið í viðunandi horf áramótin 2009-2010. Óska þeir styrkveitingar sem nema fasteignagjöldum líkt og verið hefur undanfarin ár. Bæjarráð fagnar því að gamla kirkjan fái "andlitslyftingu" og samþykkir styrk til endurbóta sem nemur fasteignagjöldum.
16. **Erindi frá Guðmundi Eypórssyni varðandi beitarhólf.**



Í erindi Guðmundar fer hann fram á fundin verði lausn vegna úthlutunar beitarhólfsmála sinna og óskar eftir fundi vegna málsins. Bæjarráð samþykkir að bréfitari mæti á fund bæjarráðs vegna viðræðna um málið.

17. Önnur mál.

a. Íbúafundur um skipulagsmál. *Fulltrúar E-listans gera að tillögu sinni að haldinn verði íbúafundur um skipulagsmál í október. Samþykkt samhljóða.*

b. Skipurit. *Bæjarstjóri lagði fram drög að nýju skipuriti sveitarfélagsins og ræddi starfsmannamál.*

c. Frístundakort. *Kári Kárason gerði tillögu um að kannað yrði með frístundakort. Samþykkt að fela bæjarstjóra að móta tillögur um frístundakort.*

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:55.

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)

Áheyrnarfulltrúi:

Valdimar Guðmannsson (sign.)